

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá nr. 1094/2013 fyrir Minningarsjóð Guðfinnu og Sigurbjargar frá Hálsi.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

3. gr. orðist svo:

Markmið sjóðsins er að styðja við faglegt starf stofnunarinnar með kaupum á tækjum og búnaði sem nýtist á Heilbrigðisstofnunar Vesturlands (HVE), Stykkishólmi með beinum hætti.

Heimilt er að veita upphæð sem nemur vaxtatekjum hvers árs að frádregnum fjármagnstekju-skatti í kaup á húsbúnaði eða öðru því sem ekki telst til tækja eða búnaðar og bætir aðstöðu skjól-stæðinga og starfsmanna HVE Stykkishólmi.

8. gr. orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 mönnum til 3ja ára í senn. Alltaf 3 fulltrúum frá Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Stykkishólmi og 2 fulltrúum framkvæmdastjórnar Heilbrigðisstofnunar Vesturlands. Stofnandi tilnefnir fyrstu stjórn, en hana skal skipa einn fulltrúi frá hverri af eftirtöldum deildum HVE Stykkishólmi: sjúkradeildar/háls- og bakdeildar, heilsugæslu og stoðdeilda (endurhæfing/rannsóknarstofa), auk tveggja fulltrúa framkvæmdastjórnar HVE. Láti stjórnarmaður af störfum eða kjósi að víkja úr stjórn skal sú deild sem stjórnarmaður var fulltrúi fyrir tilnefna eftirmann í samráði við sitjandi stjórn.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund og skal einfaldur meirihluti ráða og undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda sjóðinn. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka nema allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkefnum sjóðsins. Hún stýrir jafnframt öllum málefnum sjóðsins og kemur fram fyrir hans hönd. Stjórnin ákveður sjálf hversu miklu fé skal úthluta hverju sinni og ákvarðast það að stærð og umfangi verkefnisins. Beiðni um styrk skal koma til formanns sem boðar stjórnina til fundar og skulu umfjöllun og útgreiðslur styrkja fara fram við fyrsta tækifæri eftir að umsókn berst sjóðnum.

Halda skal fundargerðabók um það sem fram fer á stjórnarfundum.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir, Minningarsjóð Guðfinnu og Sigurbjargar frá Hálsi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 16. febrúar 2018,

Björn Ingi Óskarsson.

Auður Steingrimsdóttir.